



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudaginn, 17. mars 2008.

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduós bæjar mánudaginn 17. mars 2008, kl. 20.00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.
Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þórður Pálsson ritaði fundargerð.
Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

Dagskrárliður 1

Eigendur hússins að Urðarbraut 15, Blönduósi sækja um leyfi til að setja útihurð á baðherbergi.
Hurðin kemur á bakhlið hússins.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir umsóknina, með fyrirvara um gögn séu lögð inn.

Dagskrárliður 2

Eigendur hússins að Heiðarbraut 1 Blönduósi, Valgerður Hilmarsdóttir og Þorgils Hörður Hallgrímsson sækja um leyfi til að sameina tvær íbúðir í húsinu, í eina íbúð (einbýlishús).
Afgreiðsla: Erindið samþykkt.

Dagskrárliður 3

Þorleifur Páll Ólafsson sækir um leyfi fyrir stækkun á húsi sínu að Holtabraut 8, Blönduósi.
Meðfylgjandi eru teikningar frá teiknistofunni Stoð, bréf til skipulags- bygginga- og veitunefndar og samþykki frá eigendum aðliggjandi húsa: Holtabraut 6, Holtabraut 10, Hólabraut 5, Hólabraut 7 og Hólabraut 9.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnægjandi gögn berist.

Dagskrárliður 4

Eigendur Sorphreinsunar Vilhelms Harðarsonarsonar ráðgera að byggja sorpmótökustöð að Efstubraut 5a. Óskað er eftir umsögn skipulags-, bygginga- og veitunefndar.
Afgreiðsla: Nefndin tekur jákvætt í uppbyggingu stöðvarinnar og samþykkir að fram fari grendarkynning á verkefninu.

Dagskrárliður 5

Umferðarmál: Erindi vísað frá Bæjarráði.

- Hraði í íbúðabyggð – 30 km. hámarkshraði (Yfirlögregluþjónn leggur til að könnun liggi fyrir ef breyta á umferðahraða í bænum).
- Umferðaréttur á þvergötur Mýrarbrautar: Skúlabraut, Smárabraut, Sunnubraut og Þverbraut. Þessar götur hafa hægrirétt, tillaga er um setja biðskyldu á þessi gatnamót. Tillaga frá yfirlögregluþjóni um biðskyldu við Hólabraut og Melabraut.

- Afgreiðsla: Nefndin leggur til að könnun verði gerð á umferðarhraða áður en ákvörðun verði tekin um lækkun hraða.
- Afgreiðsla: Nefndin leggur til að umferðaréttur við Mýrarbraut verði breytt þannig að hún verði aðalbraut frá Vallarbraut að Ennisbraut. Biðskylda verði sett á aðliggjandi Þvergötur. Sett verði biðskylda á Melabraut við gatnamót við Hólabraut. Núverandi biðskylda á Hólabraut verði lögð niður. Umferðaréttur Melabrautar ofan Hólabrautar verði ekki lengur aðlbraut.



Dagskrárliður 6

Umferðarmál: Erindi vísað frá Bæjarráði. Fjárveiting vegna hringtogs og brúar yfir Blöndu.
Afgreiðsla: Mikilvægt er að endurnýja þjóðveginn í gegnum bæinn og laga bæði hringtorg, brú og slitlag á veginum.

Dagskrárliður 7

Atlandsolía sækir um lóð við Norðurlandsveg (Efstubraut 2) undir sjálfafgreiðslustöð fyrir afurðir félagsins.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir að sú skipulagsvinna fari fram sem nauðsynleg er fyrir framkvæmdina og að hún verði auglýst.

Dagskrárliður 8

Ámundakynn ehf og Vilgó ehf. sækja um leyfi til að byggja 216m² iðnaðarhús á lóð Vilgó ehf auk tengibyggingar 25 – 50 m². Húsið verður sömu gerðar og húsið að Efstubraut 2. Staðsetning er samkvæmt meðfylgjandi loftmynd. Teikningar verða lagðar fram eftir 2 til þrjár vikur.
Afgreiðsla: Nefndin tekur jákvætt í erindið, framkvæmdaleyfi verður veitt þegar teikningar liggja fyrir.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:36

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Kristján Kristófersson (sign.)
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri
Stefán Árnason, byggingafultrúi (sign.)

Þórður Pálsson (sign.)